

Bæjarbrú

Samstarf grunn- og framhaldsskóla í Hafnarfirði

Starfshópur um Bæjarbrú

Starfshópur um Bæjarbrú, þ.e. samráð milli grunn- og framhaldsskóla í Hafnarfirði, hafði það verkefni að setja fram tillögu um formlegt samstarf á mörkum skólastiganna fyrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði. Hópurinn ynni tillöguna á haustönn 2014 vegna framkvæmdar sem tæki gildi haustið 2015. Hópurinn skipuðu Magnús Þorkelsson, skólameistari Flensborgarskólans (Fbs), María Pálmadóttir, skólastjóri Setbergskóla, Vigfús Hallgrímsson, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og Þór Pálsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði (IH).

Forsenda tillögunnar:

Gert sé ráð fyrir því að nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar hafi möguleika að stunda nám í framhaldsskóla meðan þeir eru í grunnskóla og gilda þessar tillögur um þá nemendur. Það er þó áfram möguleiki að útskrifa nemendur úr grunnskóla fyrr en í 10. bekk standist nemandi viðmið um lok grunnskólanáms í samræmi við aðalnámskrá. Eftirfarandi tillögur gilda því ekki um útskrifaða nemendur úr grunnskóla (fyrir 10. bekk).

Tillaga starfshópsins:

1. **Sérstakir framhaldsskólaáfangar:** Flensborgarskólinn, og eftir atvikum IH, bjóði nemendum í grunnskólum Hafnarfjarðar upp sérstaka, sérhannaða áfanga sé þátttaka nægileg, frá öðru þrepi framhaldsskólanáms (nú samsvarandi 203 áföngum og áfram) í skyldunámssgreinum grunnskólans með vissum staðbundnum tímum í framhaldsskólanum.
2. **Fríir framhaldsskólaáfangar:** Nemendur í 9.-10. bekk grunnskóla Hafnarfjarðar hafi kost á að sækja framhaldsskólaáfanga í Flensborgarskóla og IH þar sem námið sé þeim að kostnaðarlausu hafi þeir sýnt fram á getu til að stunda það nám.
3. **Kostnaðarhlutdeild:** Kennslukostnaður vegna umræddra sérhannaða framhaldsskólaáfanga eru greiddur af framhaldsskólunum en Hafnarfjörður ber tryggingarskyldu á kennslunni fari þátttaka undir ákveðið lágmark og efniskostnað. Nemendur greiða ákveðinn grunnkostnað líkt og gerist meðal framhaldsskólanemenda og jafnvel ákveðið tryggingargjald sömuleiðis.
4. **Inntökumat:** Þeir nemendur sem taka framhaldsskólaáfanga í grunnskóla þurfa að standast hæfnimat í 8.-10. bekk, þ.e. lokið námi í viðkomandi námssviði í grunnskóla til að hefja framhaldsskólanámið eða sýnt fram á fullnægjandi getu til að stunda framhaldsskólanám.
5. **Námsundanþágur í grunnskóla:** Þeir nemendur sem hafa getu til sækja og óska eftir að taka framhaldsskólaáfanga þurfa ekki að nema í viðkomandi námsgrein/-sviði í grunnskóla á sama tíma. Áfangarnir eru þá hluti skyldunáms og skilgreinast því ekki sem valáfangar.
6. **Námssviðvera í framhaldsskólaáföngum:** Þegar kennslustundir eru í grunnskóla í sömu námsgreinum og nemendur sækja framhaldsskólaáfanga skulu þeir hafa aðstöðu í grunnskóla (t.d. kennslustofa, skólasafn, tölvuver) til að sinna því námi í grunnskólanum á eigin ábyrgð.
7. **Almennir fjarnámsáfangar eru valmöguleiki:** Vilji nemandi stunda nám í framhaldsskólaáfangum sem ekki eru hluti skyldunáms í grunnskóla skulu þeir vera hluti vals nemenda. Nemandi sinnir þá framhaldsskólaáföngum utan kennslustunda í grunnskóla og og greiðast af nemanda/forráðamönnum eins og hvert annað fjarnám í framhaldsskóla.

Greinargerð og skýringar við tillögu:

Umrædd tillaga er unnin á grunni laga um grunnskóla (nr. 91/2008) og laga um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Lög um grunnskóla, sérstaklega greinar 26 og 31, gera ráð fyrir að nemendur geti bæði lokið grunnskóla á minna en tíu árum til að hefja framhaldsskólanám og að þeir geti stundað nám í framhaldsskóla meðan þeir eru enn í grunnskóla hafi þeir getu til þess.¹ Þessi tillaga, skýrð með greinargerð, er þannig útfærsla á lögnum og unnin í samræmi við skyldur laganna um formlegt samstarf milli grunn- og framhaldsskóla. Meginhugmyndin með tillögunni er að búa til eina framkvæmd fyrir hafnirska grunnskólanemendur svo þeim mæti jafnræði með framhaldsskólanám á grunnskólaaldri óháð einstaka grunnskólunum. Í dag er alla vega þrenns konar fyrirkomulag í grunnskólum bæjarins og tillagan gengur út á að hafa aðeins eitt kerfi í gangi sem allir grunnskólanemendur í Hafnarfirði hafi aðgang að. Þannig muni, ef þessi tillaga verður samþykkt, falla niður aðrar leiðir í samstarfi grunn- og framhaldsskóla í Hafnarfirði, s.s. að í grunnskóla séu kenndir formlegir framhaldsskólaáfangar í staðnámi eða að grunnskólar kaupi af framhaldsskólum aðra áfanga en þá sem tillögunni heyra til. Vilji grunnskólar þó veita sínum nemendum frekari menntun í vali á námssviðum framhaldsskólans skulu það undirbúningsáfangar fyrir framhaldsskóla, t.d. í nýju tungumáli (spænska, franska, þýska) eða öðrum viðfangsefnum (t.d. bókfærslu), og nýtast sem slíkir fyrir nemendur þegar í framhaldsskóla kemur þótt ekki fylgi þeim „einingar“ inn í framhaldsskóla.

Meginmarkmið þessarar tillögu er að gefa duglegum grunnskólanemendum tækifæri á að fá frekar nám við hæfi og um leið þeir fá möguleika til að vinna sér í haginn fyrir væntanlegt framhaldsskólanám – sem gert er á grunni laga og aðalnámskráa skólastiganna um að formgera slíka framkvæmd í hverju sveitarfélagi.

Hér áfram eru einstaka liðir tillögunnar kynntar frekar, útskýrðir og settir í frekara samhengi.

¹ Grein 26, 4. mgr.: „Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. * Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Ákvörðun skólastjóra samkvæmt þessari málsgrein lýtur ákvæðum stjórnáskrár.“ Grein 31, 1. og 2. mgr.: „Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið skilgreint sem hluti náms í grunnskóla. Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír. Nú stundar grunnskólanemandi nám í framhaldsskóla sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, og fer þá um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Sveitarfélög greiða þá kostnað vegna námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.“

* Sjá einnig: Lög nr. 91 23. júní 2011. „Ákvæði til bráðabirgða.

Réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verða fyrst virk er reglur hafa verið settar um framkvæmd og fyrirkomulag á rétti grunnskólanemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla.

Ráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa starfshóp með fulltrúum mennta- og menningarmála-ráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, grunnskóla og framhaldsskóla. Hópurinn skal meta hvernig tryggja megi jafnt aðgengi grunnskólanemenda að áföngum á framhaldsskólastigi óháð búsetu svo og að ekki sé tvígreitt fyrir sömu einingum og gera tillögu að reglum þar um. Þá skal starfshópurinn skoða hvernig megi samræma gæðakröfur og mat framhaldsskóla á einingum með það fyrir augum að tryggja jafnræði nemenda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna. Starfshópurinn skal skila ráðherra niðurstöðum eigi síðar en 31. mars 2012 og skal miðað við að réttindi skv. 1. málsl. 4. mgr. 26. gr. laganna verði virk frá og með skólaárinu 2012–2013.“


1. Sérstakir framhaldsskólaáfangar:

Megintilgangur sérstakra námsáfanga er að bjóða nemendum sem uppfylli fullnægjandi hæfniviðmið fyrir lok grunnskóla upp á sveigjanleg skólaskil, þ.e. stunda nám í framhaldsskóla meðan þeir eru enn í grunnskóla vilji þeir það. Meginsjónarmiðið er þá að nemandi sem hefur lokið hæfni á 1. þrepi framhaldsskólanáms (námslok 10. bekkjar í grunnskóla út frá hæfniviðmiðum aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla) geti sótt framhaldsskólaáfanga (frá öðru námsþrepi) meðan hann er enn í grunnskóla (í afmörkuðum námssviðum grunnskólans því ef hann hefur lokið þeim öllum fyrir 10. bekk má útskrifa hann úr grunnskóla og verkefni grunnskólans er þá lokið). Nemandi sem fer í sérhannaða framhaldsskólaáfanga skal jafnframt taka samræmt könnunarpróf í sömu skyldunámsgreinum, þ.e. hann er ekki undanþeginn samræmdu könnunarprófi í 10. bekk vegna þess.

Verkaskipting er gerð milli Flensborgaskólans og IH um að Flensborgarskólinn einbeiti sér að bóknámsáföngum fyrir grunnskólanemendur en IH verknámsáföngum. Verknámsáfangar lúta öðrum viðmiðum um kennslu en bóknámsáfangar og verða skoðaðir sérstaklega, m.a. hærra efnisgjald. IH mun áfram bjóða upp á valgrein í 10. bekk sem hluti valgreina þar sem nemendur geta undirbúið sig frekar undir verknám en teljast samt ekki vera framhaldsskólaáfangar. Grunnskólanemandi í list- og verkgreinaáföngum í IH getur þurft að leggja til sérhæfð námsverkfæri líkt og aðrir framhaldsskólanemendur í sömu námsáföngum.

Meginsjónarmiðið er að grunnskólanemendum standi til boða sérstaklega hannaðir áfangar fyrir hafnfirski nemendur og eiga við í upphafi framhaldsskólanáms. Flensborgarskólinn skilgreinir sérstaklega þá framhaldsskólaáfanga sem þeir vilja bjóða grunnskólanemendum upp á á þeim forsendum. Áfangarnir eru sérhannaðir í þeim skilningi að þeir verða eingöngu fyrir grunnskólanemendur og þrátt fyrir að það verði „fjarnámsáfangar“ hafi þeir einnig staðbundinn þátt, þ.e. nemendur hitta kennara sinn reglulega í framhaldsskólanum. Nemendur geti þannig fengið aðgang að nokkrum áföngum (sem eru hluti af námsbrautum framhaldsskólanáms) meðan þeir sækja grunnskóla og þá aðeins þeim sem eru hluti skyldunáms í grunnskóla. (Sjá undantekningu hér síðar er lýtur að vali, liður 7). Hægt verði að fara í þessa framhaldsskólaáfanga bæði frá hausti og um áramót, þ.e. hefja þetta nám á miðjum vetri, ef nægilegur fjöldi nemenda er til staðar. Námsmat umræddra framhaldsskólaáfanga skal skráð á brottfararskírteini nemanda upp úr grunnskóla (óljóst er með útfærslu hér því rafrænt útskriftarskírteini úr grunnskóla er enn í vinnslu í ráðuneyti).

Hér neðar er þessu ferli lýst í mynd sem sýnir þá margvíslega möguleika nemenda í tilfærslunni frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Þannig getur nemandi flýtt fyrir sér um 1 ár í námi, og jafnvel meira, í einstaka námsgreinum framhaldsskólans ef þessari tillögu er fylgt (appelsínugular línur) frekar en sé farin hefðbundin leið (fjólubláar línur).



Nemendur sem ljúka framhaldsskólaáföngum frá viðurkenndum framhaldsskóla eiga að geta nýtt þá í öðrum framhaldsskólum. Nokkrir framhaldsskólar hafa ekki metið framhaldsskólanám sem grunnskólanemendur hafa tekið. Það stangast á við aðalnámskrá framhaldsskóla.

Frekari útlistun á fyrirkomulagi sérhannaða áfanga hjá framhaldsskóla kemur hér:

- Nemendur mæta í staðbundna tíma mánaðarlega nema í tvisvar í fyrsta mánuðinum þar sem hver tími er 60 mín. en nemendur í list-/verknámsáföngum sem sækja staðbundna tíma vikulega (líklega einn áfanga á skólaári).
- Lágmarksfjöldi í sérhannaðan áfanga er 12 nemendur og nái umsóknir nemenda ekki þessu viðmiði er bærinn ekki skyldugur að samþykkja að áfangi verði haldinn.
- Nemandi sem tekur framhaldsskólaáfanga í einni skyldunámsgrein grunnskólans skal taka tvo áfanga yfir skólaárið, þ.e. einn áfanga frá öðru þrepi náms í framhaldsskóla á hverri námsönn.²
- Grunnskólinn skal samþykkja hvern nemanda inn í námið og leggja sjálfstætt mat á hæfni nemenda. Grunnskólinn skal kynna nemanda niðurstöður matsins skriflega þeim nemendum sem óska eftir að taka framhaldsskólaáfanga en fá það ekki því það mat er kærufætt.³ Flensborgarskólinn leggur grunnskólunum jafnframt til sýnishorn af prófum/viðmiðum sem grunnskólar geta notað til að meta hæfni nemenda á einstaka námssviðum sem forsendu þess að stunda framhaldsskólanámið og stöðu sína þar í námi.

IH býður upp á verknámsáfanga á sama grunni og bóknámsáfanga að því marki að fyrirkomulag varðandi umsýslu er það sama og með bóknámsáfangana (en efnisgjald gæti bæst við). Verknámsáfangar IH verði með vikulegar kennslustundir í IH og eru því ekki fjarnám (fastur vikulegur tími verði settur í stundaskrá á sama tíma í valáfangar IH sem nú eru í gangi til að flækja ekki meira stundatöflugerð í grunnskóla). Grunnskólanemendur hafa þar sömu möguleika að sleppa jafnvígu námi í grunnskóla á námssviði list- og verkgreina sem er skylda upp í 10. bekk samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011).

2. Fríir framhaldsskólaáfangar:

Lög um grunnskóla kveða á um að nám í framhaldsskóla skuli vera grunnskólanemendum að kostnaðarlausu. Því er undirstrikað að nemendur grunnskólans þurfi ekki greiða kennslukostnað við þátttöku í framhaldsskólaáföngum og námsbækur eiga sömuleiðis að vera þeim fríar. Lög um framhaldsskóla kveða á um að kennslukostnaður í framhaldsskóla sé nemendum að kostnaðarlausu. Framhaldsskólanemendur þurfa að greiða ákveðinn innritunargjald (sjá síðar) og sömu upphæð í tryggingargjald sem fæst endurgreitt mæti nemandi í lokapróf í alla áfanga á hverri önn. Það er gert til að styrkja skuldbindingu í náminu og í þessari tillögu. Það er kynnt frekar hér aftar.

² Athugið að verið er að endurnefna alla áfanga í framhaldsskólum samkvæmt nýrri aðalnámskrá og heiti áfanga ekki ljós á þessari stundu. Ljóst er þó að ef nemandi í grunnskóla hefur lokið námssviði í grunnskóla á viðunandi hátt fer hann í annað þrep (nú 203 áfangar og áfram) en nemendur sem ná því ekki fara í fyrsta þrep (nú áfangar 102 og 103 eftir atvikum). Með því móti fær nemandi flýtt fyrir sér í framhaldsskóla og þannig komið til móts við duglega nemendur í námi. Þessi tillaga gera nemendum það en frekar mögulegt að ljúka fleiri áföngum í framhaldsskólanámi áður en útskrifast er úr grunnskóla en áður var hægt.

³ Lög um grunnskóla nr. 91/2008, grein 47: *Kæruheimild. Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kærnanlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnáslulaga.*

3. Kostnaðarhlutdeild:

Um kostnaðarhlutdeild á námi grunnskólanemenda í Hafnarfirði í framhaldsskóla er þetta framkvæmdin: Framhaldsskólinn greiðir allan kennslukostnað námsáfanga fyrir grunnskólanemendur í samræmi við lög um framhaldsskóla.⁴ Það gildir ef nemandi mætir í lokapróf áfanga (hvort sem hann stenst hann eða ekki). Mæti nemandi ekki í lokapróf greiðir sveitarfélagið Hafnarfjörður kennslukostnað nemandans þar sem ríkið gerir það ekki og er baktrygging fyrir framhaldsskólann að hann geta staðið fyrir sérstökum fjarnámsáföngum svo hann tapi ekki á framkvæmdinni. Miðað er við að sveitarfélagið taki þar mið af lágmarksfjölda (14 nem.) í framhaldsskólaáfanga, þ.e. tryggji hann alltaf en ekki kostnað vegna umframbátttöku. Lagt er til að nemandi greiði sérstakt tryggingargjald fyrir hvert skólaár sem fæst endurgreitt ef hann mætir í lokapróf allra áfanga skólaársins sem hann skráir sig í. Það væri þá gert til að auka skuldbindingu nemandans í náminu. Skilyrði fyrir þátttöku nemenda í framhaldsskólaáföngum er undirritun samnings um þátttöku þar, þannig að þessar kvaðir séu þeim ljósar. Grunnskólinn útvegar nemendum námsgögn og lána þeim. Námsgagnasjóður skuli bera þann kostnað því sveitarfélög eiga ekki að greiða kennslubækur fyrir nemendur í skyldunámi⁵ og grunnskólalögin kveða á um að nemendur eigi ekki að greiða námsgögn í framhaldsskóla ef það er í stað skyldunáms í grunnskóla. Grunnskóla verði heimilt að lána bækur fyrir framhaldsskólaáfanga til nemenda sinna gegn skilagjaldi sem þeim er einungis skylt að endurgreiða ef kennslubók er skilað aftur í nothæfu ástandi. Nemendur fá strætómiða hjá bænum vegna þátttöku í staðbundnum tímum í framhaldsskóla ef það á við.

Ef um efniskostnað verður í framhaldsskólaáföngum ræða greiðir Hafnarfjörður í öllum tilvikum en nemendur þurfa að leggja sjálfir til sérhæfð ritföng og verkfæri sem geta verið ólík eftir námsáföngum í framhaldsskóla líkt og gildir um aðra framhaldsskólanemendur.

Kostnaður við nám í Flensborgarskólanum (óháð fjölda sérhannaðra námsáfanga) er sem hér segir (haustönn 2014):

- Skráningargjald kr. 6.000 (greitt af nemanda).
- Efnisgjald kr. 1.500 (greitt af bænum).
- Tryggingargjald verði það sama og skráningargjaldið og endurgreiðist mæti hann í próf sérhvers áfanga sem hann er skráður í frá upphafi skólaársins (greitt af nemanda).

Kostnaður við nám í IH (óháð fjölda sérhannaðra námsáfanga) er sem hér segir (haustönn 2014):

- Skráningargjald kr. 6.000 (greitt af nemanda).
- Efnisgjald kr. 2.000 (greitt af bænum).
- Tryggingargjald verði það sama og skráningargjaldið og endurgreiðist mæti hann í sérhvern áfanga sem hann er skráður í frá upphafi skólaársins (greitt af nemanda).

⁴ Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafði verið með fyrirvara um greiðsluþátttöku framhaldsskóla í framhaldsskólanámi grunnskólanemenda en fyrirvarinn féll úr gildi 1. ágúst 2013. (Sjá viðauka hér, bréf ráðuneytis menntamála til Fjölbautaskóla Suðurnesja, en afrit þess bréfs fylgir hér með.)

⁵ Vandinn sem grunnskólar standa frammi fyrir hér að fjármagn til skóla til námsbókarkaupa í gegnum Námsgagnasjóð (sjá [Lög um námsgögn](#) nr. 71/2007 og [Reglugerð um námsgagnasjóð](#) nr. 1111/2007) er takmarkað af ríkisvaldi sem ber ábyrgð á að færa grunnskólum kennslugögn frítt. Ef stækka á hlut kennslubóka fyrir framhaldsskóla í þeim potti minnka möguleikar grunnskóla til kaupa á gögnum fyrir aðra nemendur að sama skapi. Því geti einfaldlega verið að einstaka grunnskólar takmarki fjölda nemenda hjá sér sem fari í framhaldsskólaáfanga út frá takmörkuðu fjármagni sem skólinn hefur til ráðstöfunar úr Námsgagnasjóðnum. Tillögur þessa hóps geta ekki gengið gegn fjárhagslegum skuldbindingum skóla hér.

4. Inntökumat:

Grunnskóli, á ábyrgð skólustjóra, leggur mat á hvort hæfni nemenda sé nægjanleg til að hefja nám í framhaldsskólaáföngum, þ.e. sé með hæfni sem samsvarar fyrsta þrepi í framhaldsskóla (viðmið um hæfni við lok 10. bekkjar á viðkomandi námsviði/námshæð) og gerir nemendum grein fyrir þeim kröfum sem þarf að uppfylla í framhaldsskólanáminu. Það mat er kæránlegt samkvæmt lögum um grunnskóla (26. grein, 4 mgr.) svo kærufæri skal kynnt nemendum ef skóli hafnar þátttöku þeirra í framhaldsskólaáföngum með formlegu bréfi til aðstandenda og þeim gefinn andmælaréttur (sbr. ákvæði stjórnsýslulaga). Kynning á framhaldsskólaáföngum til nemenda grunnskólanna hefjist þegar í 8. bekk, s.s. í skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Framhaldsskólar leggja til viðmið fyrir grunnskólann um þá hæfni sem er þörf til að geta stundað nám á öðru þrepi náms (samsvarandi 203 áföngum í dag og áfram) og leggja jafnvel til sýniprof, eða önnur matsverkefni, sem mæla þá hæfni í einstökum námsgreinum/-sviðum sem grunnskólanemendur þurfa að hafa.

5. Námsundanþágur í grunnskóla:

Það meginsjónarmið er hér að hafi nemandi getu til að hefja nám í einstaka framhaldsskólaáföngum þurfi hann ekki að sinna sömu námsgrein í grunnskóla á sama tíma, enda telst hann hafa lokið því þegar hann tekur framhaldsskólaáfangana. Að því leyti kemur námið í framhaldsskóla í stað skyldunáms í grunnskóla og er þannig ekki tekið sem hluti valgreina í grunnskóla að því leyti sem það snýr að tímaskyldum hans í grunnskóla. Það er mat starfshópsins að réttur nemenda til að taka þátt í sérhönnuðum framhaldsskólaáföngum byggir á því að hann sýni hæfni sem gerir þeim mögulegt að hefja framhaldsskólanám á tilteknu sviði, ekki því að búið sé að fara með nemendum í gegnum tiltekna námsbækur eða yfir tiltekið námsefni. Þetta er í anda aðalnámskráa skólustiganna og laga-setningarinnar frá 2008.⁶

6. Kennslustundabátttaka:

Þrjár möguleikar eru í útfærslu á skyldum grunnskólans gagnvart nemendum sem sækir framhaldsskólaáfangana í stað skyldunáms í grunnskóla. Þeir eru þessir:

- a. *Ítarmöguleiki:* Grunnskóli styður nemanda í framhaldsskólaáfangana með námsstuðningi í samsvarandi tímum skyldunámsgreinarinnar í grunnskóla (kennslu- og viðveruskylda).
- b. *Miðjumöguleiki:* Grunnskóli færir nemanda aðstöðu til að sinna framhaldsskólaáfangana á sama tíma og aðrir nemendur sinna viðkomandi námsgrein skv. stundatöflu (viðveruskylda).
- c. *Lágmarks möguleiki:* Nemandi hefur frí frá kennslustundum í stundatöflu bekkjar í grunnskóla í skyldunámsgreinum sem teknar er í framhaldsskólaáföngum og er á ábyrgð síns sjálfs og foreldra sinna en að engu leyti grunnskólans (engin skylda).

Tillaga starfshópsins er að leið b verði valin, þ.e. grunnskóli færi nemendum aðstöðu til að sinna framhaldsskólaáföngum á grunni viðveruskyldu (mætingar skráðar) meðan aðrir grunnskólanemendur sinna sömu námsgrein í grunnskóla en aðeins framhaldsskólinn hafi kennsluábyrgð þar. Nemandi sinni fjarnámi sínu í framhaldsskóla á meðan skyldunámstímar eru í grunnskóla. Áhersla þessa er að


⁶ Sjá t.d. í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 75-76): *Nemendum er heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólalastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Grunnskólanemendum er einnig heimilt að stunda slíkt nám samhliða grunnskólanámi enda hafi þeir sýnt til þess fullnægjandi hæfni. Í þeim tilvikum þarf traust samstarf að ríkja milli grun- og framhaldsskóla. Námið er á ábyrgð grunnskólans og vitnisburður um það því birtur á vitnisburðarblaði nemandans við lok grunnskóla. Nám á framhaldsskólalastigi er skilgreint á hæfniprep. Framhaldsskóli sem í hlut á staðfestir að námið uppfylli þau skilyrði sem skólinn setur og fer um mat á náminu samkvæmt því.*

nemendur hafa því ekki „frí“ eða „eyður“ í stundaskrá sinni í grunnskóla vegna framhaldsskólápátttöku en þeir eru samt á eigin ábyrgð að finna framhaldsskólanámi sínu þegar sömu kennslustundir eru í grunnskóla, þ.e. aðstöðu- og viðveruskylda sem grunnskóli fylgir eftir. Varðandi annan stuðning frá grunnskólanum er það valmöguleiki grunnskólans hve mikið hann getur veitt nemanda stuðning við framhaldsskólanámið.

7. Valmöguleiki:

Hópurinn vill ekki koma í veg fyrir þann möguleika, sem þó er afleiddur, að vilji nemendur sem hafa getu til að sækja framhaldsskólaáfanga sem hefðbundið fjarnám í námsgreinum sem ekki eru kenndar í grunnskóla (s.s. spænska, þýska, bókfærsla o.fl. sem þó gætu verið hluti af vali í grunnskóla og því ekki hluti skyldunáms) geti hann það. Þeir taka þá áfangana sem hluta af vali sínu (í hvaða framhaldsskóla sem er og býður upp á umrætt fjarnám) og gilda því um þá sömu reglur og um aðra valáfanga, þ.e. kostnaður við þá er algjörlega á hendi nemenda og aðstandenda þeirra í samræmi við valákvæði í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).⁷ Greiðsla fer þá eftir kostnaði sem einstaka framhaldsskólar bjóða upp á fjarnámsáfanga því nemendur hafa hér val um framhaldsskóla því þetta er utan þessa samkomulags sem þessi tillaga gengur út á. Við teljum umrætt ákvæði gilda um framhaldsskólaáfanga í fjarnámi í þessu tilviki þar sem þeir eru utan skyldunáms í grunnskóla. Áfangarnir eru þá utan skyldunáms og greiðast af nemanda/forráðamönnum eins og hvert annað fjarnám í samræmi við ákvarðanir þess skóla sem býður upp á námið og er utan þessarar tillögu.

Tillögugerð er lokið en hér aftar er stuttur viðauki um fjárhagsþátt tillögunnar.



Magnús Þorkelsson, skólameistari Flensborgarskólans



María Pálmadóttir, skólastjóri Setbergskóla



Vigfús Halgrímsson, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar



Þór Pálsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði (IH)

TILLAGA STAÐFEST Í FRÆÐSLURÁÐI HAFNARFJARÐAR 12. JANÚAR 2015.

⁷ 26. gr. Val í námi, 3mgr. „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.“

VIÐAUKI:**Fjárhagsþáttur þessara tillagna**

Varðandi fjárhagsþátt þessarar tillögu má almennt segja þetta:

- **FRAMHALDSSKÓLI:** Stærsti hluti kostnaðar framhaldsskólanáms grunnskólanemenda ber framhaldsskólinn sjálfur þar sem kennsla í framhaldsskóla skal vera nemendum að kostnaðarlausu. Flensborgarskólinn og IH geta sótt þann kostnað til ráðuneytis menntamála en slíkt getur þó verið háð fjöldatakmörkunum fjárlaga ríkisins hverju sinni.
- **HAFNARFJARÐARBÆR:** Sveitarfélagið Hafnarfjörður ber óverulegan kostnað af þessari framkvæmd, en aðallega þó sem ábyrgðaraðili ef þátttaka fer undir viðmiðunarfjölda (12/14) en engin skylda verður að standa fyrir sérhönnuðum námsföngum ef lágmarksfjöldi er ekki náð í upphafi námsannar. Þá greiðir bærinn efnisgjald nemenda og ferðakostnað þar sem slíkt á við. Meginþátttaka bæjarins er þannig meira að tryggja ákveðna þátttöku í sérhönnuðum námsáföngum og bera ábyrgð á að framhaldsskólinn tapi ekki á framkvæmdinni.
- **GRUNNSKÓLI:** Grunnskóli skal tryggja nemendum nemendum námsbækur og það sem hamlar helst hér er takmörkuð úthlutun á fjármagni til skóla úr Námsbókarsjóði. Sömuleiðis að grunnskóli veiti nemendum aðstöðu í grunnskólunum til að sinna framhaldsskólanámi, þ.e. sérhönnuðu fjarnámsáföngunum en valáfangar í hefðbundnu fjarnámi eru alfarið á vegum nemanda sjálfra (og aðstandenda þeirra).
- **NEMANDI:** Greiðir aðeins innritunargjald líkt og hver annar framhaldsskólanemandi. Til viðbótar verði tryggingargjöld lögð á til að auka skuldbindingu nemenda sem hann fengi endurgreitt standi hann við sitt (mæta í lokapróf og skila lánsbókum).